



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Hof

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat deilda	4
3 Ytra mat	16
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	16
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	16
6 Foreldrasamvinna	17
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	17
8 Fylgigögn	18
8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	18



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið fór hægt af stað, töluvert vantaði af starfsfólki og lítið um umsóknir. Því miður urðum við að skerða þjónustu í september, öll börn voru send heim einn dag. Þegar náðist að ráða fór vetrarstarfið af stað. Við innleiðingu menntastefnunnar var áherslan lögð á sjálfsefningu og félagsfærni. Vanda Sigurgeirsdóttir var fengin til að halda erindi og sameinuðust Hof og Laugasól um fræðsluna. Vegna ýmissa atvika náði Vanda ekki að koma fyrir áramót en fyrra erindi hennar um sjálfsefningu var haldið í janúar. Seinni hluti fræðslunnar átti að vera á skipulagsdegi í mars en sá dagur féll niður vegna verkfalls Eflingar. Stór hluti starfsmannahópsins hefur unnið áður með Vöndu og þess vegna fór verkefnið af stað með ýmsum hætti strax að hausti. Vanda tekur upp þráðinn í lok september en þá verður sameiginlegur skipulagsdagur Laugasólar og Hofs og þá mun félagsfærni verða umræðuefni hennar. Hof og Laugasól hugsa sér að vinna áfram saman að sömu þáttum og munu fá KVAN með sér í þá vinnu, að styrkja leiðtoga í að fylgja eftir hugmyndum og verkefnum. Starfsmannahópurinn hefur ákveðið að næst á eftir verði tekið fyrir heilbrigði, lífstíll og vellíðan og munum við nota næsta vetur einnig í að byrja að skoða hvað við getum gert betur og hvað við viljum leggja áherslu á. Á síðasta ári vorum við farin að skoða gátlista fyrir heilsuefandi skóla og munum við klára þá vinnu á næsta skólaári.

Starfsmannahópurinn á Hofi samanstendur af jákvæðu og lífsglöðu fólki, stemmingin í skólanum er þægileg og allir vinna vel að sínum verkefnum. Þetta hjálpaði okkur töluvert í ástandinu sem skapaðist á vorönninni. Stór hluti starfsmannahópsins er í Eflingu og fór því í verkfall í byrjun febrúar. Einni deild var alveg lokað og önnur deild lokaði tímabundið en gat opnað að litlu leyti þegar leið á. Skert starfsemi var á öðrum deildum. Tímabilið var skrýtið fyrir okkur sem urðum eftir í skólanum, starfsmannahópurinn þéttist og kynntist betur, barnahópurinn naut sín í fámenni og hafði óskipta athygli þeirra starfsmanna sem voru á staðnum. Nægt rými var fyrir leik en á móti kom að börn og starfsfólk söknuðu þeirra barna og starfsmanna sem ekki komu í skólann. Þegar verkfallinu lauk var Covid-19 yfirvofandi og skólastarf í mikilli óvissu. Nokkrum dögum seinna var ákveðið að skerða skólastarf og allt breyttist. Skólinn lokaði í tvær vikur vegna veikinda starfsmanna og hópur starfsmanna og barna sendur í sóttkví. Þegar þessu ástandi lauk í byrjun maí var starfsmannahópurinn og börnin loks sameinuð eftir u.þ.b. þriggja mánaða tímabil.

Eftir stendur mikil reynsla, þolinmæði og seigla í starfsmannahópnum, hópurinn hefur staðið saman í gegnum þennan tíma og kemur sterkari saman inn í nýtt starfsár sem einkennist vonandi af stöðuleika og gleði.

Þrátt fyrir verkföll og veiru var ýmislegt gert og starfið var innihaldsríkt og fullt af leik og gleði. Öll börn gerðu sér öskudagsbúning og þeim var skartað loks í lok maí á veglegum búningadegi. Nýjum Grænfána var fagnað á sumaráttíð skólans 5. júní sl. sá fjórði í röðinni. Nú fékkst hann fyrir metnaðarfullt starf um hnattrænt jafnrétti þar sem börnin lærðu um aðstæður barna í fjarlægum löndum, könnuðu hvaðan framandi ávextir og grænmeti kemur og einnig var heimurinn skoðaður frá ýmsum hliðum. Skólinn er sólblómaskóli en það er verkefni í samstarfi við UNICEF og við styrkjum dreng í Miðbaugs-Gíneu og fáum öðru hvoru bréf og myndir frá honum.

Skólinn verður 25 ára næsta vor og munum við fagna þeim áfanga vel, vonandi eftir heildstætt og viðburðaríkt skólaár.



2 Innra mat Guludeildar

Endurmat, Guladeild vorönn 2020

Útinám og ferðir.

Við byrjuðum janúar á að fara í útinám aðra hvora viku og það gekk vel og það kom vel út að hafa hópastarf á móti. Við vorum búin að ákveðja tengja umhverfismennt inn í hópastarfið og ferðir. Það var búið að skipuleggja ýmsar ferðir og heimsóknir. Það er skemmst frá því að segja að verkfall Eflingar og síðan covid 19 hafði mikil áhrif á starfið og þessar ferðir féllu niður sem og hópavinna. Við höldum áfram að hafa „grænfánaspæjara „sem fylgdust með flokkun og öðru því tengdu, það gekk mjög vel og börnin og starfsfólk voru áhugasöm. Við erum sátt með það sem náðist með útinámi og ferðum en ætlum að styrkja okkur enn meira í því.

Samstarf milli deilda.

Á haustönn var komið gott skrið á samstarf milli árgangs 2016 á Grænu og Gulu og milli árgangs 2015 á Gulu og Fjólubláu sem var einstaklega vel heppnað. Eins ákváðum við að hafa einnig sameiginlega söngstund einu sinni í viku með Grænudeild. Þetta samstarf átti að halda áfram á vorönn en með verkfalli og covid 19 breyttist það. Í verkfallinu léku börnin þó saman á milli deilda bæði á svæðum á ganginum og inni á Grænu og Gulu og það gekk vel. Það sem var gert kom vel út og við sátt við þann árangur sem náðist en viljum gera enn betur næsta vetur

Þjóðadagar.

Núna á vorönn átti að vera dagur Bretlands en þaðan kemur eitt barn af Guludeild. Sá dagur sem og aðrir þjóðadagar féllu niður vegna verkfalls og covid 19. Í þessu viljum við ná betri árangri en erum þó virkilega sátt með dag Póllands sem var fyrir áramótin

Læsi

Lubbastundirnar byrjuðu hjá okkur á vorönn og við höldum þeim fram í febrúar. Börnin voru áhugasöm og stundirnar gengu vel. Ætlunin var að víkka stundirnar enn meira út á vorönn en það stóðst ekki vegna verkfalls og covid 19. Við höfum þó unnið mikið með málhljóðin en ekki markvisst í tengslum við Lubba. Frekar að velta upp málhljóðum á því sem fyrir augu bar eða í tengslum við umræðu og bókalestur hverju sinni. Mikki orðaspjallsbangsi hélt áfram að fara heim með börnunum og það gekk vel. Með í för var bók til að lesa, skrifbók til að skrifa í hvernig barninu fannst bókin og hvaða orð barnið valdi til að vinna með. Þegar covid 19 kom þá ákváðum við að Mikki færi ekki heim en börnin höldum áfram að skiptast á að velja sér bók með Mikka sem við lásam hér og síðan völdu þau orð til að vinna með. Börnin hafa haldið áfram að vinna í orðaspjallsbókum sem eru myndskreyttar eftir þau og með þeirra útskýringum á þeim orðum sem hafa verið vali. Við viljum ná enn betri tökum á Lubbastundunum

Samskipti.

Við höfum haldið áfram að vinna með samskipti innan hópsins og það hefur gengið ágætlega. Við ákváðum að endurnýja myndir sem sýna samskipti og settum einungis upp myndir af jákvæðum samskiptum því við vildum að umræðan væri frekar hvað við viljum en ekki hvað við viljum ekki. Við gerðum eina skráningu á vorönn en hefðu þurft að gera fleiri. Hér viljum við ná betri árangri og bæta inn í áherslum með félagsfærni og sjálfsefningu.



Umbótaþættir Guladeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vinna með íslensku málhljóðin (Lubbi) og orðaspjall. TRAS	Að börnin ná góðu valdi á íslensku málhljóðunum. Að auka orðaforða barnanna með orðaspjalli.	Fylla út TRAS út fyrir hvert barn og athuga með málhljóða- mælinn ef þurfa þykir. Höfum eitt málhljóð á viku. Vinnum með Lubba boxin og spilin. Syngjum og lesum úr Lubba- bókinni.	Byrjum í september og ljúkum við áramót	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn deildarinnar koma að vinnunni. Lilja ef þarf að prófa málhljóða-mælinn.	Umræða á deildar-fundum. Nota TRAS á deildarfundum til að umræðu	Að allir starfsmenn finni sig örugga að vinnu með málhljóðin. Að við náum að virkja áhuga barnanna. Að TRAS listinn verði öflugt vinnugang á deildinni
Samstarf milli deilda	Að börn í sama árgangi kynnist og hittist reglulega yfir veturinn.	Bæði með ferðum og leik inni á deildum. Hægt að hafa sameiginlegar söngstundir yfir veturinn	Byrjum í sept. og ljúkum við áramót	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn deildarinnar koma að vinnunni	Umræða á deildar og árganga- fundum.	Að börnin þekkt og leiki saman óháð deild og finni sig örygg.
Þjóðardagar	Að börnin kynnist betur menningu þeirra landa sem tengjast leikskólanum	Með tónlist, hreyfingu, matarræði og ýmsum upp- lýsingum um önnur lönd. Höldum upp á alþjóðlega móðurmálsdagi nn með því að þjóða foreldrum að koma og lesa fyrir börnin á sínu móðurmáli.	Byrjum í ágúst og ljúkum við áramót	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn deildarinnar koma að vinnunni.	Umræða á deildar fundum.	Að starfsfólk leggi sig fram við að kynnast öðrum löndum. Að börnin skilji að það eru fullt af löndum sem gaman er að fræðast um. Að þau beri virðingu fyrir ólíkri menningu og tungumálum
Sjálfsþing, félagsfærni og samskipti	Aðstoða börnin í að umgangast aðra og hafa samskiptin jákvæð. Að þau æfi sig í að koma skoðunum sínum á framfæri á jákvæðan hátt og hafi trú á eigin getu. Að þau læri að virða skoðanir annarra.	Með hópastarfi, umræða í samveru- stundum, á morgunfundum. Tengja barnasáttmálan n inn í Gera félags- færnisögur	Byrjum í ágúst og ljúkum við áramót	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn deildarinnar koma að vinnunni.	Umræða á deildar fundum. Fylla reglulega út þá lista sem tengjast verkefninu hvert líf er einstakt	Að börnin læri að sýna jákvæð samskipti að þau verði öflugir einstaklingar sem hafa trú á eigin getu og tjá sig á jákvæðan hátt.



Innra mat Rauðudeildar

Lubbastundir gengu vel frama af vetri og voru haldnar í samstarfi við Bláudeild. Verkföll og veirusýkingar settu strík sitt á veturinn og sameiginlegar Lubbastundir féllu því niður um tíma. Verkefnið gekk þrátt fyrir það mjög vel og stefnt er að því að halda þessum hætti áfram.

Það tókst ekki vel að halda sig við sett skipulag um að „Gefa 10“. Ástæða þess var sú að einungis eitt barna á deildinni var tvítyngt og það barn sótti að öllu jöfnu mikið í samskipti og samtöl við starfsfólk deildarninnar og því gleymdist einfaldlega oft að skrá stundirnar vegna fjölda þeirra. Næsta vetur stefnum við á að hafa þetta skipulagðara og nýta þetta skipulag einnig fyrir þau börn sem hafa íslensku sem fyrsta mál en þurfa hugsanlega einhvern stuðning.

Reglulegar skráningar varðandi verkefnið „Hvert líf er einstakt“ tókust líka vel framan af vetri en dattu niður af ýmsum ástæðum fljótlega eftir áramót. Fram að verkfalli höfðu þessar skráningar hins vegar verið fastur liður á deildarfundum og gefið okkur góða innsýn inn í samskipti barnanna við okkur og hvert annað.

Ákveðnir misbrestir voru á því að fylgja skipulaginu sem sett var upp fyrir skapandi starf Rauðudeildar. Fyrir áramót og fram í febrúar hélt skipulagið en féll svo niður í kjölfar lokunar í tengslum við verkfall og Covid-19. Stefnt er á að halda svipuðu plani fyrir næsta skólaár.

Útinám Rauðudeildar tókst mjög vel. fyrir áramót var farið í reglulegar ferðir með litlum hópum um nærumhverfi leikskólans. Börnin kunnu mjög vel að meta ferðirnar og voru spennt að fá að fara af stað. Í sumarbyrjun var svo farið af stað í lengri ferðir með allan barnahópinn og það hefur líka tekist mjög vel. Einnig höfum við eldað úti á eldstæðinu í nokkur skipti.

Umbótaþættir Rauðadeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Læsi/Málörvun	Að gera máhljóð og stafi enn sýnilegri í deildarstarfi	Markvissar Lubbastundir halda áfram, stafir og máhljóð sýnileg inni á deild	Ágúst 2020-maí 2021	Deildarstjóri Allir starfsmenn deildarinnar	Símat á deildarfundum	Að börnin þekki sinn/sína upphafsstafi/m áhljóð í lok vetrar
	Gefa 10	Fylgja plani um að hvert barn fái 10 mín frá starfsmanni á dag	Ágúst 2020-maí 2021	Deildarstjóri Allir starfsmenn deildarinnar	Símat á deildarfundum, skráningarblöð	Sjá gefðu 10 skráningarblað. Endurmat í maí
	Að bæta gæði söng-/samverustunda	Fleiri lög, bæta við undirleik og hreyfingum, vinna með rím og þulur	Ágúst 2020-maí 2021	Deildarstjóri Allir starfsmenn deildarinnar	Símat á deildarfundum	
Félagsfærni, sjálfsefning og samskipti („Hvert líf er einstakt“)	Að barnahópurinn eigi í jákvæðum samskiptum hvert við annað	Reglulegar 0-5 skráningar, ABCD skráningar ofl.	Ágúst 2020-maí 2021	Deildarstjóri Allir starfsmenn deildarinnar	Símat á deildarfundum Skráningarblöð	



Sköpun	Að efla sjálfshjálpi barnanna á Rauðudeild	Hvetja börnin til að gera sjálf á fataklefa, við matarborð og fleira	Ágúst 2020-maí 2021	Allir starfsmenn deildarinnar	Símat	Að börnin geti klætt sig að mestu sjálf að sumri 2021
	Að börnin fái tækifæri til eigin sköpunar á fjölbreyttan hátt	Reglulegar listasmiðjustundir þemaverkefni Fjölbreyttur efniviður inni á deild	Ágúst 2020-maí 2021	Deildarstjóri Allir starfsmenn deildarinnar	Skráningar Endurmat að vori 2020 Símat á deildarfundum	Öll börn fái viðeigandi skráningar í einstaklingsmöpum sínar
	Að börnin fái tækifæri til að upplifa fjölbreyttan og skapandi efnivið	Fjölbreyttur efniviður inni á deild Unnið með ákveðin efnivið í stuttum tímalotum (vikur/mánuðir)	Ágúst 2020-maí 2021	Deildarstjóri Allir starfsmenn deildarinnar	Unnið verður með fyrirfram ákveðin efnivið í „þemum“ Símat á deildarfundum	

Innra mat Grænudeildar

Grænadeild – endurmat 2019-2020

Tras: Það markmið að allir starfsmenn kæmu að upplýsingaöflun fyrir TRAS skráningar, náðist ekki að öllu leiti og hefur að mestu verið í höndum deildarstjóra. Við munum þó halda áfram að vinna að því að allir geti komið að upplýsingaöflun fyrir TRAS skráningar. Áfram í umbótaáætlun

Landadagardagar/vikur fóru vel af stað og fyrri hluta starfsársins vorum við að vinna að þeim markmiðum sem við settum okkur. Við helguðum hverju landi heila viku. Við fengum aðstoð foreldra við að gera orðalista á ýmsum tungumálum, unnum með litina í þjóðfánum landanna, skoðuðum bækur, lærðum lög á tungumálum viðkomandi landa, hlustuðum á tónlist og dönsuðum. Vikunni lauk svo með hefðbundnum hætti í sameiginlegri söngstund. Vegna aðstæðna urðu allmörg lönd út undan hjá okkur. Við teljum okkur þó hafa náð settum markmiðum í umbótaáætlun varðandi áherslur og undirbúning.

Grænfáninn: Við höldum áfram að vinna að þeim þáttum sem áhersla hefur verið lögð á undanfarin ár, s.s. minnka sóun, passa upp á og virða umhverfi okkar, nota verðlausan efnivið í sköpun o.þ.h. Vinna með hnattrænt jafnrétti tengist fyrst og fremst vinnu í kring um landadagana. Heimurinn er stærri en bara Ísland, hefðir eru mismunandi sem og tungumál en öll erum við þó manneskjur og sameiginlegu fletirnir margir, s.s. að gleðjast saman við tónlist og dans. Náðum settum markmiðum í umbótaáætlun.

Hvert líf er einstakt: Lögð hefur verið áhersla á að fylgja börnum eftir í leik og leggja inn þar inn góðar samskiptareglur. Einnig höfum við lagt áherslu á sjálfshjálpi og samhjálpi, t.d. í fataklefa. 0-5 skráningar höfum við ekki gert eins oft og við hefðum viljað og stefnum að því að taka þær fastari tökum. Þar sem þessi þáttur tengist mjög sjálfsefningu og félagsfærni, sem er sá þáttur menntastefnu sem ætlunin er að leggja áherslu á næsta starfsár, munum við halda honum áfram inni í umbótaáætlun og leggja áherslu á leikskráningar



Umbótaþættir Grænadeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvert líf er einstakt. Sjálfsefning og félagsfærni	Að allir séu meðvitaðir um leiðir til að vinna að félagsfærni og varna einelti	Allir starfsmenn geri leikskráningar og greining samskipti barna í leik. 0-5 og aðrar skráningar.	Sept. 2020-jan. 2021	Deildastjóri/ starfsfólk deildar	Deildafundur í jan. Farið yfir skráningar	Að allir hafi gert 2-3 skráningar og lagt fram á deildarfundum
Sögustundir	Að sögustundir séu áfram hluti af daglegu starfi og séu með markvissum hætti tengdar við áherslur í samskiptum og skapandi starf.	Að hver starfsmaður finni þá leið sem hentar til að ná til barna, s.s. sögupoka, sögugrunn, spunasögur, myndvarpasögur	Fram að jólum	Allir starfsmenn deildar	Í janúar á deildarfundum Starfsfólk geri grein fyrir hvaða leiðir hafa verið farnar	Að allir starfsmenn hafi komið að því að nota sögur í starfi með börnum (umfram lestur í hvíld)
Lubbi finnur málbeinið	Gera starfið með Lubba markvissara og aldursmiðaðra	Nota og safna áfram í stafakassa. Vinna í minni hópum	Fram að jólum	Deildastjóri og starfsmenn deildar	Metið á deildarfundum í janúar og framhaldið ákveðið	Skráningar og myndir. Höfum við byggt ofan á það sem áður var gert
Skapandi starf	Að börnin hafi meira um það að segja hvaða efnivið þau nota til sköpunar og hvað þau gera við hann	Greiðari aðgangur að skapandi efnivið, sem börnin geta notað frjálst.	Fram að jólum	Deildastjóri og starfsmenn deildar	Metið á deildarfundum í janúar og framhaldið ákveðið	Að eftir börnin liggja verkefni sem þau hafa ákveðið sjálf og haft val um efnivið í. Skráningar og myndir
Tras	Vinna verði markvissari og allir starfsmenn komi að henni og viti hvað verið er að skoða	Gerum áætlun fyrir hvern mánuð yfir þau börn sem á að skoða og fara svo yfir á deildarfundum	Haust 2020- vor 2021	Deildastjóri	Endurmat á deildarfundum í janúar	Að til verði TRAS skráningar fyrir öll börn og að allir hafi komið að upplýsingaöflun



Innra mat Bláudeildar

Bláadeild endurmat 2019-2020

Tras: Á vorönninni var Tras tekið á öllum börnum á deildinni. Starfsmenn deildarinnar skiptu börnunum á milli sín og voru með ca. fjögur börn hver og unnu í samstarfi við þá deildarstjóra sem hafa réttindi til þess að taka Tras. Vinnan gekk mjög vel og frábært að sjá alla starfsmenn vinna saman að þessu verkefni.

Sögupokar: Mikil vinna var lögð í að setja saman sögupoka svo að auðvelt væri fyrir starfsfólk að grípa með sér í samverustund eða hópastarf. Starfsmenn nýttu sér pokana mjög lítið eftir áramót en ein af ástæðunum er verkfall og covid. Deildin var lokuð stóran hluta í verkfallinu. Áhuginn er fyrir hendi en markviss vinna þarf að vera betri.

Lubbastundir: Á haustönninni var vinnan með Lubba mjög markviss og unnin í góðu samstarfi við Rauðudeildina. Á miðvikudögum eftir kaffitímann hittust deildirnar og sungu saman Lubbalög. Lubbi sjálfur var alltaf með í Lubbastundum og vakti hann mikla lukku hjá börnunum. Þrátt fyrir ungan aldur barnanna hefur vinna með Lubba gengið mjög vel og börnin fljót að læra lögin og hljóðin. Á fyrri hluta vorannarinnar féllu stundirnar niður vegna covid því hver deild varð eitt sóttvarnarhólf og börnin mættu í minni hópum í leikskólann.

Skapandi starf: Mikil áhersla var lögð á skapandi starf. Börnin gerðu öskudagsbúninga sína sjálf sem þau fengu svo loksins að fara í, á balli í maí. Þessi vinna er mjög gefandi og börnin fengu að njóta sín og skapa sjálf. Tónlist er stór hluti af starfinu á Bláudeild og fyrir hádegismatinn fara öll börn í söngstund. Stundum er spilað á hljómborð eða gítar. Eftir verkfall og covid var börnunum skipt upp í hóp og fóru þau í hópastarf þrisvar í viku. Þar var sköpun stór hluti ásamt málörvun og hreyfingu.

Hvert líf er einstakt: Við byrjuðum innleiðingu menntastefnunnar á því að taka fyrir félagsfærni og sjálfsefningu. Mikil áhersla var lögð á að kenna okkar allra yngstu börnum að segja stopp og setja höndina fram þegar eitthvað var gert á þeirra hlut. Þessi vinna hefur gengið vel og foreldrar höfðu flestir orð á því að börnin notuðu þetta mikið heima. Einnig var börnunum fylgt eftir í leik og samskipti þeirra skoðuð vel. Farið var yfir 0-5 á deildarfundum. Þetta er fyrstu skrefin í því að læra að standa með sjálfum sér, læra samskipti og að vera í stórum hóp. Börnin sýna meiri samkennd og eru fljót að hjálpa öðrum sem sýnir að þrátt fyrir ungan aldur þá eru þetta fyrstu skrefin í átt að góðri félagsfærni. Skráningar þurfa að vera markvissari á næsta skólaári.

Umbótaþættir Bláadeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Félagsfærni, sjálfsefning og samskipti „Hvert líf er einstakt“	Markvissari skráningar á leik barnanna	Fylgjast með börnunum í leik og leiðbeina þeim ef þess þarf og skrá niður	Skólaárið 2020- 2021	Deildarstjóri	Jafnt og þétt yfir skólaárið. Á deildarfundum	Leikskráningar, ritað og myndaskráning. 0-5 skráningar á deildarfundum
	Að barnahópurinn eigi í jákvæðum samskiptum hvert við annað. Að börnin læri að segja stopp	Reglulegar 0-5 skráningar, ABCD skráningar ofl.	Ágúst 2020-maí 2021	Deildarstjóri ásamt starfsmönnum deildarinnar	Símat yfir skólaárið á deildarfundum Símat	



Sjálfsefning	Að efla börnin í sjálfshjálpi	Hvetja börnin til að gera sjálf í fataklefa, við matarborð og fleira	Ágúst 2020- maí 2021	Allir starfsmenn deildarinnar		Að börnin geti klætt sig að mestu sjálf að sumri 2021
Læsi/Málörvun	Gera ritmálið og málhljóðin sýnilegri. Setja orð á alla hluti. Læsi á dagskipulagið og nánasta umhverfi leikskólans	Markvissar Lubbastundir Málörvun í litlum hópum. Tras tekið á öllum börnum.	Skólaárið 2020-2021	Allir starfsmenn	Símat	Að börnin þekki sinn/sína upphafsstafi/málhljóð í lok vetrar
Gefðu 10	Að starfsmenn tileinki sér gefðu 10	Fylgja skráningarplani svo að öll börn fái 10 mínútur á dag með hverjum starfsmanni	Skólaárið 2020-2021	Allir starfsmenn deildarinnar	Metið á deildarfundum jafnt og þétt yfir skólaárið	Skráningar sem gerðar eru yfir skólaárið

Innra mat Svörtudeildar

Svartadeild - endurmat á umbótaáætlun.

Hvað þróunarverkefnið okkar varðar, þá bjuggum við vel að hafa áfram sömu börnin. Það bættust tvær nýjar stúlkur í hópinn sem barnahópurinn lagði sig fram um að taka vel á móti. Við unnum verkefni og umræður fóru fram bæði í samverustundum og hvíld sem nú var tvískipt þannig að auðveldara var að nýta þann tíma í ýmsar umræður og vangaveltur. Einnig fer umræðan fram þegar mál koma upp sem þarf að leysa. Við bættum þeirri nýjung í kveðjubækurnar að hvert barn sagði eitthvað jákvætt um hvert og eitt hinna sem svo var skrifað í kveðjubók viðkomandi. Í lok vetrar lögðum við svo spurningarnar fyrir börnin og í svörum þeirra kom fram að þau telja sig langflest vita hvernig eigi að bregðast við og hvert eigi að leita ef þau þurfa aðstoð. Þrjú börn sögðust aldrei lenda í því að einhver væri ekki góður við þau. Einnig telja börnin sig almennt vera góð við aðra.

Jógastundir fóru ágætlega af stað, þ.e. þær voru haldnar en hópar voru fullstórir. Það sem hefur staðið þeim fyrir þrifum er að finna stað, stund og næði fyrir nægilega lítinn hóp. Hvíldin nýtist þó stundum í jóga, en eins og áður segir voru þau samt fullmörg þar. Í næstu umbótaáætlun mun koma skýrar fram hvenær og hvernig við ætlum að láta reglulegar jógastundir verða að veruleika.

Hvað tónlistarstundirnar varðaði, þá urðu þær ekki margar. Kynning á hljóðfærum var þó í hópastarfi, en mikið lengra fór það ekki. Starfsfólk er ekki öruggt á þessu sviði. Við munum leita aðstoðar tónlistarkennara við leikskólann til að koma okkur af stað næsta vetur.



Umbótaþættir Svartadeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Gera verkefnið "Hvert líf er einstakt" markvissara.						
	Að samskiptamenningin á deildinni verði í takt við verkefnið.	Með samvinnuleikjum, klípusögum og markvissum umræðum þegar upp kemur ágreiningur, þar sem börnin hjálpast að við að finna lausnir í samræmi við það sem þau hafa lært.	Hefjumst handa strax að loknu sumarleyfi og lýkur þegar börnin hætta næsta sumar.	Deildarstjóri ber ábyrgð, en allir starfsmenn framkvæma.	* Útbúa stuttan spurningalista sem hvert barn svarar. 1) Veistu hvað þú átt að gera ef einhver er ekki góður við þig? 2) Hver getur hjálpað þér ef þú veist ekki hvað þú átt að gera? 3) Hvernig kemur þú fram við aðra?	Í svörum barnanna kom fram að þau telja sig vita hvernig eigi að bregðast við og hvert eigi að leita ef þau þurfa aðstoð. Einnig telja þau sig vera góða við aðra.
Gera jóga hærra undir höfði höfði.	Að öll börn fái að upplifa jóga með jógaundum a.m.k. einu sinni í viku	Skiptum börnunum í smærri hópa og setjum jóga tíma á fasta tíma.	Hefst að hausti og endar að vori.	Gróa	Svara spurningunni að vori hvort náðist hafi að fara í reglulegar jógaundir	Innleiðing sem sjálfsagður þáttur í deildarstarf- inu náðist ekki að fullu
Innleiða reglulegar tónlistarstundir á deildinni.	Að kennarar verði öruggari í að stjórna skipulögðum tónlistarstundum	Hjálpast að við að útbúa tónlistar-stundir og vera dugleg að nota hljóðfærir sem leikskólinn á	Hefst að hausti og endar að vori.	Deildarstjóri ber ábyrgð á að tónlistarstundir verði útbúnar, en allir kennarar verða með stundir.	Skrá tónlistartímeyfir veturinn og bera saman upplifun kennara.	Þessi þáttur datt að mestu upp fyrir.



Innra mat Hvítadeild

Mat barnanna

Deildirnar ætluðu að hafa daga þar sem börnin veldu mat en það datt fljótlega upp fyrir.

Við erum dugleg að spyrja börnin hvernig þeim hafi fundist í ferðum en skráningavinnu hefur verið ábótavant.

Eftir áramót byrjuðum við á öskudagsbúningunum og spilaði mat barna stórt hlutverk þar. Þau völdu efniviðinn í búninginn og höfðu hann alfarið eftir sínu höfði.

Við unnum skemmtilegt/leiðinlegt verkefni 2 sinnum í vetur sem tengist mati barna.

Kynningarbæklingarnir fyrir grunnskólann og frístundarheimilið sem þau fá á skilafundi barnanna byggja að stærstum hluta á mati barnanna á deildinni.

Við tókum vinakönnun með vorinu.

Vinna með mat barnanna er það sem við höfum verið óruggust með og það sem býður upp á mesta möguleika til úrbóta.

Læsi

Við tókum þátt í Lubba lestraráttakinu fyrir jóla og sýndu börn og foreldrar því mismikinn áhuga en flestir komu þó með bein til baka. Bókin hefur verið lesin fyrir börnin og lögin sungin en mögulega þurfa þau eitthvað meira spennandi á eldri deildunum. Við erum dugleg að lesa og ræða erfið orð með barnahópnum og höfum verið að lesa framhaldssögur. Í haust tókum við Ronju sem tók langan tíma vegna þess hve mörg orð þurfti að útskýra. Að hausti var stafabekking athuguð og í vor var hún endurtekin og höfðu allir bætt sig sem gátu bætt sig. Enn voru einhverjir sem hefðu getað bætt sig mikið og hefði mátt vera meiri vinna með stafina í vetur. Í verkfalls- og Covid ástandinu minnkaði lestur framhaldssagna þar sem mæting barnanna var mjög ófyrirsjáanleg en þess í stað voru styttri sögur eða ævintýri lesin fyrir þá sem voru mættir hverju sinni. Þegar slakað var á hömlum vegna Covid fórum við að komast aftur í rútínu. Orðaspjallið drabbaðist niður með vorinu og má tengja það að miklu leiti við að börnin gátu ekki lengur farið heim með bókaorminn en það hafði haldist í hendur hjá okkur á Hvítudeild. Búin var til vinasól og verkefni um það hvað góðir vinir segja en bæði er liður í að efla læsi barnanna á tilfinningar annarra.

Eineltisverkefnið

Eftir áramót voru tveir mánuðir þar sem allir deildarfundir féllu niður og sökum þess gekk illa að taka fyrir samskipta- og 0-5 skráningar. Starfsfólk vann þó saman tvö vináttuverkefni með börnunum og virðist sú vinna hafa skilað góðum árangri. Við sjáum mun á samskiptum barnanna á deildinni og erum meira vakandi fyrir því hvernig þau tala við hvort annað. Um vorið gafst svo loka tækifæri til að ræða barnahópin fyrir skólaskilin sem gaf góða mynd af dýnamíkinni í barnahópnum. Þrátt fyrir að verkefnavinnan hafi verið mun minni en vonast var eftir gafst tækifæri til að átta sig betur á hvernig einelt á meðal ungra barna birtist.

Sköpun og hópastarf

Hópastarf hefur farið fram á þriðjudögum í vetur og verið að miklu leiti nýtt í sköpun. Við unnum mikið með styttri í haust og heimsóttum listasafn Einars Jónssonar sem og Ásmundarsafn þar sem börnin völdu sér stytta til að vinna með. Í lokin bjuggu þau til sandmyndir af styttnum sínum. Haust sjálfsmynd og mynd af húsinu þeirra voru unnar í framhaldi í verkfallinu voru öskudagsbúningar



kláraðir og þegar fór að vora var rykið dustað af þeim verkefnum sem við áttum eftir að klára svo sem fjölskyldumynd, sjálfsmynd og púðum. Sú vinna gekk vel og komu allir sterkir inn eftir erfitt ástand. Börnin gerðu graskalla og gróðursettu blóm og grænmeti sem við stefnum á að borða í sumar. Hópastarf komst ekki aftur á í eiginlegri mynd eftir áramót en þegar allir voru komnir aftur til starfa var mikil hópastarfsvinna unnin þó hún væri ekki lengur á föstum tímum. Á heildina litið rættist vel úr sköpunarvinnu barnanna þennan veturinn og má þakka því að um vorið lögðust allir á eitt að klára það sem klára þurfti.

Umbótaþættir Hvítudeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Mat barnanna	Að mat barna verði sjálfsagður hluti af leikskólastarfinu/ vinnan sé markvissari yfir skólaárið. Stofnun barnaráðs meðal flakkara	Höfum matsfundir með börnunum t.d. eftir ferðir/flakkaraf undir einu sinni í viku. 0-5, vinaskráningar, T- blöð	September 2020 til maí 2021	Starfsmenn Hvítudeildar	Í lok skólaárs, Gagnasöfnun, könnun	Raddir barnanna sýnilegar í skólastarfinu
Eineltisverk- efnið	Að tengja verkefnið sjálfsefningu og félagsfærni (menntastefnu) Að samskipti hópsins einkennist af virðingu.	Félagsfærnisögu r í hópastarfi, Vináttuverkefni, sköpun	Skólaárið 2020- 2021	Deildarstjóri (eineltisráð?)	Í lok skólaárs, endurmat um áramót, Mat barna á samskiptum hópsins. Skráningar	Börnin sýna hverju öðru virðingu og skilning og leysa ágreiningsmál sín á milli. enginn út undan, allir vinir
Heilbrigði	Að börn Hvítudeildar séu meðvituð um heilbrigðan lífstíl og geti lagt mat á hvort fæða sé holl eða óholl og hvaðan hún kemur	Barnasáttmáli sameinuðupjóð anna, Menntastefna, Fræðsla, ferðir og verkefnavinna	Haut 2020- vor 2021	Starfsmenn Hvítudeildar	Í lok skólaárs, stöðumat um áramót. flakkarafundir, matsfundir með börnum og gagnasöfnun frá verkefnavinnu	Að börn deildarinnar séu meðvituð um heilbrigðan lífstíl og hafi gaman af
Sköpun og hópastarf	Að unnið sé að markvissum og stórum verkefnum á borð við þemaverkefni	Þemaverkefni, Tónlistartímar	Haut 2020	Starfsmenn Hvítudeildar	Maí 2021, Gagnasöfnun	Myndir frá ferlisvinnu og ferðum tengdum vinnunni, áhersla á ferlið frekar en eitthvað áþreifanlegt



Innra mat Fjólubláudeildar

Endurmat á umbótaáætlun.

Fyrsta starfsár Fjólubláudeildar byrjaði af krafti og gekk að mörgu leiti vel fram í lok janúar 2020.

Hvert líf er einstakt byrjaði vel og gekk mjög vel fram yfir áramót. Við lögðum áherslu á að börnin hjálpi hvert öðru, fórum yfir hvernig góðir vinir eru og hvernig maður kemur ekki fram við aðra krakka. Fórum í samvinnuleiki og aðstoðuðum þau í samskiptum við hvert annað. Þetta gekk mjög vel framan af eða þangað til að verkfall Eflingar skall á og svo Covid veira en þá var börnunum skipt upp í tvo hópa. Það sem hefði þurft að gera betur er að notast við spurningalista og jafnvel fleiri verkefni til þess að sjá betur hvort að vinnan sé að skila sér til barnanna. Þessi þáttur samtvinnast sjálfsefningu og félagsfærni sem getið er um í menntastefnu Reykjavíkurborgar og við ætlum að vinna að næsta vetur með leikskólanum Laugasól.

Íslensku máhljóðin, Lubbi og Orðaspjall. Við vorum með bangsann Magneu sem skiptist á að fara heim til allra barnanna. Þau tóku hann með sér heim á fimmtudegi og komu með hann eftir helgi og þá búin að lesa bókina og velja 1-2 orð sem við skrifuðum á renning og hengdum upp. Þetta verkefni gekk mjög vel þangað til að Covid veiran brast á en þá hætti bangsinn að fara heim og þetta datt því miður upp fyrir. Það hefði ekki þurft að gera það en það fer á betri veg næst ef svipaðar aðstæður koma upp aftur. Máhljóðin úr Lubba eru sýnileg á deildinni og vinnan fór vel af stað og lögin sungin í samveru og tónlistarstundum en eins og annað þá datt það niður í verkafallinu og Covid.

Samstarf á milli deilda gekk vel framan af. 2015 árgangurinn var á tveimur deildum í vetur, á Fjólubláu og á Gulu. Við fórum í heimsókn til þeirra og þau komu í heimsókn til okkar, gerðum svipuð verkefni og fengum lánaða kassa frá Þjóðminjasafninu sem við nutum sameiginlega svo fátt eitt sé nefnt. Samstarfið datt niður í Covid vegna þess að blöndun á milli deilda var ekki heimil og samgangurinn hefur ekki náð sér á strik aftur eftir að eðlilegt leikskólastarf fór aftur af stað.

Innra mat Fjólubláudeildar

Umbótaþættir fjólubláadeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hvert líf er einstakt	Að verkefnið eigi sinn fasta sess í hópastarfi og börnin verði meðvituð um tilgang þess.	Sögur, verkefni og samvinnuleikur	Að hausti og endar á vori.	Deildarstjóri og allir starfsmenn sjá um framkvæmd	Hafa á hreinu hvað sé búið að fara í og spyrja börnin út í verkefnið regulega yfir veturinn og fram að vori	Að börnin viti að vori hver tilgangur verkefnisins sé og viti hvernig þau eigi að bregðast við.



Íslensku málhljóðin. Lubbi og orðaspjall	Að málhljóð vikunnar fari upp og farið yfir það í hvíld/sögustund og að Lubbi eigi sína ákveðnu stund í vikunni. Bangsinn fari heim í hverri viku og börnin skrifi niður orð	Fara yfir hljóðin í Lubbi finnur málbein og gera verkefni. Nýta verkefnakassan a sem eru til. Senda bangsann heim og eina bók með hverju barni. Lesa í inni hvíld og hlusta á sögur í frammí hvíld.	Að hausti og endar á vori	Deildarstjóri en allir starfsmenn sjá um framkvæmd	Fara yfir reglulega á deildarfundum hvernig staðan er á verkefnum og því sem búið er að vinna að og sjá hver staðan er hjá hverju barni.	Að börnin þekki Lubbalögin, og æfi sig í hljóðunum. Að öll börnin hafi farið heim með bangsann og komið með orð til að hengja upp á vegg.
Samstarf á milli deilda	Að krakkarnir þekki jafnaldra sína á leikskólanum	Sameiginlegar ferðir/útiöldun og/eða heimsóknir	Að hausti og endar á vori	Deildarstjóri	Skipuleggja veturinn með öðrum deildarstjóra og hafa fyrirfram ákv. hittinga	Að reglulegir hittingar hafi verið yfir veturinn
Sjálfsþing og félagsþing	Að börnin geti staðið með sjálfum sér og liðið vel í leikskólanum, aðstoða þau í jákvæðum samskiptum og að þau geti sagt sýnar skoðanir og hafi trú á eigin getu	Markviss vinna yfir veturinn með leiðbeiningum frá Vöndu og úr hvert líf er einstakt verkefninu, púltæfingar og fl.	Að hausti og endar á vori	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn koma að framkvæmd	Fara yfir 0-5, ræða börnin á deildarfundum og aðstoða extra vel þau sem þurfa aðstoð. Hafa verkefnið í huga allan veturinn	Að börnin séu yfirleitt í jákvæðum samskiptum, þau hafi trú á eigin getu og

3 Ytra mat

Síðasta foreldrakönnun sem var gerð kemur vel út, flestir þættir skora hærra en árið áður. Nokkrir foreldrar taka fram í athugasemdum að upplýsingagjöf um börnin og starfið mætti vera meiri. Það er atriði sem alltaf má bæta og gera aðgengilegra fyrir foreldra að nálgast. Foreldrar hafa einnig áhyggjur af garði skólans. Hann sé of lítill og tæki ekki endurnýjuð. Garðurinn var því miður ekki stækkaður um leið og ný deild bættist við sumarið 2019 en með breyttu skipulagi og hliði við Hvítudeild hefur þó bæst við leikrými sem börnin geta nýtt sér en þar eru engin leiktæki.

Starfsmannakönnun er gerð á síðasta skólaári, þar lækka nokkur atriði. Þar ber helst að nefna starfsánægju, sveigjanleika í starfi og álag. Þetta viljum við tengja við að stytting vinnuvikunnar sem hafði gengið mjög vel á meðan við tókum þátt í tilraunaverkefni borgarinnar var tekin af okkur haustið 2019. Starfsmannahópurinn átti erfitt með að sætta sig við þessar niðurstöður og allan veturinn voru engar vísbendingar um að styttingin væri að koma inn aftur. Samningar drógust og ekki ljóst hvort þessi liður næðist inn og þá hvenær. Margir aðrir þættir stóðu í stað eða hækkuð lítillega. Þess ber þó að nefna að þegar könnunin er gerð er stendur verkfall Eflingar yfir og svarhlutfallið er undir 50%.



Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Upplýsingagjöf til foreldra	Að foreldrar fái góðar upplýsingar um líðan barnsins reglulega	Bætum upplýsingagjöf dags daglega	Haust 2020- vor 2021	Deildarstjórar Allir starfsmenn	Foreldrakönnun , foreldraviðtöl jafnt og þétt yfir veturinn	

4 Starfspróunarsamtöl og fræðsla

Starfspróunarsamtöl voru tekin vorið 2020 frá maí og fram í júní. Vegna ástandsins í leikskólanum á vorönninni fórum við seint af stað og til að ná þeim fyrir sumarfrí ákváðum við að aðstoðarleikskólastjóri tæki viðtöl líka. Hópnum var skipt á milli stjórnenda og tókst vel til að okkar mati. Viðtölin gengu vel, starfsmannahópurinn er jákvæður og gerir það besta úr þeim aðstæðum sem hafa skapast sl. mánuði. Ellen Calmon var með fræðslu um barnasáttmálann fyrir starfsmannahópin á skipulagsdegi í desember, sama dag var Saga Stephensen með erindi um fjölmenningu, Vanda Sigurgeirsdóttir kom á starfsmannafund í janúar með erindi um sjálfsefningu sem hluti af innleiðingu menntastefnunnar, hún átti að koma á skipulagsdag í mars en hann féll niður vegna verkfalls Eflingar. Erindið flyst yfir á haustönn 2020. Leikskólastjóri fór í námsferð með SFS til Kanada í október. Leikskólastjóri og deildarstjóri fóru á réttindanámskeið Unicef í október og tveir deildarstjórar fóru á sama námskeið í maí. Tveir deildarstjórar fóru á útikennsluráðstefnu í október og tveir starfsmenn fóru á útikennslunámskeið í Gufunesbæ í maí. Trúnaðarmaður FL fór á trúnaðarmannanámskeið. Leikskólastjóri hefur verið í Forystunámi Reykjavíkurborgar í vetur en síðustu dagar þess náms féllu niður í Covid 19. Sennilega verður það klárað á haustönn 2020. Sérkennslustjóri hefur sótt þó nokkur námskeið í sambandi við sitt starf.

Næsta vetur verður lögð megináhersla á sjálfsefningu og félagsfærni og þá ekki eingöngu varðandi barnahópin því Vanda Sigurgeirsdóttir hefur einnig tekið að sér að fræða stjórnendahópin og vinna með þessi hugtök með þeim. Þeir deildarstjórar sem ekki hafa farið á TRAS námskeið munu vonandi komast á það í vetur.

Skipulagsdagar hafa verið settir niður og er skipulag þeirra í kafla 7

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Hofs og Laugarnesskóla byggir á áralöngu samstarfi sem mótað var á fyrstu árum leikskólans. Síðan hefur það verið endurskoðað og bætt og breytt eftir þörfum. Nú er það í nokkuð föstum skorðum.

Nóvember – 5 bekkur í heimsókn, sungið með leikskólabörnunum og ávaxtastund, frjáls leikur þar sem bæði leik- og grunnskólabörn mega flæða frjálst um húsið.

Desember – elstu börn leikskólans heimsækja skólabókasafn Laugarnesskóla. Skólastjórinn kíkir í heimsókn á bókasafnið og hittir leikskólabörnin



Janúar – 1.bekkur í heimsókn í gamla leikskólann sinn, söngstund og ávextir og allir fá að leika frjálst saman um allt húsið

Heimsókn elstu barnanna til skólastjóra Laugarnesskóla, Skólastjórinn gengur um allan skólann með barnahópnum

Febrúar/mars – bekkjarheimsóknir, lítill hópur leikskólabarna er í hverjum bekk einn morgun. Tekur þátt í morgunsöng, kennslustundum og frímínútum.

maí – útivistardagur, sameiginlegur með Laugarnesskóla og Laugasól. Grunnskólakennarar sjá um skipulagningu og framkvæmd. Skólalóðin og frístundaheimilið vettvangurinn

Að þessu sinni urðu breytingar á skipulaginu vegna raskana á skólastarfi. Bekkjarheimsóknir féllu niður sem og útivistardagurinn. Laugasel frístundaheimilið bauð börnunum í heimsókn einn morgun í maí.

6 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er starfandi við skólann, á hverju hausti eru foreldrar beðnir um að bjóða sig fram og hefur það oftast gengið vel. Vegna stærðar skólans höfum við haft fleiri en þrjá fulltrúa í ráðinu. Foreldraráð hittist ekki oft en er í tölvupóstsambandi þegar á þarf að halda. Foreldraráð er upplýst um helstu málefni skólans og voru m.a. upplýst sl. vetur um stækkun skólans og fyrirhugaða viðbyggingu og stækkun. Foreldraráð les starfsáætlun og gefur henni umsögn. Það er einnig kallað til þegar sumarfri skólans er skipulagt.

Foreldrafundur með öllum foreldrum skólans er haldinn í september hvert ár. Þá er starf og stefna skólans kynnt, jafnvel fenginn fyrirlesari með lítið fræðsluerindi og svo er farið á deildir þar sem deildarstarf er kynnt af starfsfólki deilda.

Foreldraviðtöl eru skipulögð einu sinni á ári en eru alltaf í boði og foreldrar minntir á það reglulega að alltaf sé hægt að biðja um viðtal. Foreldraviðtölum er dreift yfir veturinn, hluti tekinn að hausti og aftur eftir áramót. Deildarstjórar eða kennarar/leikskólaliðar taka viðtölin. Deildarstjóri tekur öll viðtöl sem snúa að sérkennslu eða sérúrræðum. Þá er sérkennslustjóri oft með í viðtölum eða hafður með í ráðum fyrst.

Foreldrafélag er starfandi við skólann og starfar á gömlum hefðum sem þó eru endurskoðaðar reglulega. Foreldrafélagið stendur fyrir leiksýningum innan skólans, heldur sumarahátíð í byrjun júní, fer í sveitaferð og hjálpar jólasveininum með glaðning á jólaball fyrir börnin. Félagið stendur einnig fyrir piparkökumálningu í upphafi aðventu og ýmsu öðru.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

mánudagur 24. ágúst (skólasetning í grunnskólum) færist frá fyrra starfsári vegna verkfalls og Covid

Starfsmannafundur þar sem farið er yfir helstu hefðir og menningu skólans. Deildarfundir og undirbúningur fyrir nýjan barnhóp.

föstudagur 25. september

Starfsmannafundur, Vanda Sigurgeirsdóttir fjallar um félagsfærni og sjálfsefningu.

þriðjudagur 27. október (sameiginlegur með grunnskólanum)



Starfsmannafundur, endurskoðun á námskrár – ákv. kaflar teknir fyrir. Árgangafundir og deildarfundir

föstudagur 4. desember

Starfsmannafundur, endurskoðun á námskrá, endurmat á haustönn, hópefli

föstudagur 15. janúar

Starfsmannafundur, námskeið í skyndihjálpi, undirbúningur vorannar, árgangafundir,

mánudagur 10. maí (sameiginlegur með grunnskólanum)

Sameiginlegur dagur með öllum leik- og grunnskólum ásamt frístundaheimilum í borginni.

föstudagur 4. júní

Starfsmannafundur, endurmat á vorönn, starfsáætlun undirbúin, hópefli vegna 25 ára afmælis skólans

8 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Særún Ármannsdóttir, 11. sept 2020

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2020-2021 Leikskólinn Hof

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráði leikskólans Hofs barst starfsáætlun skólaársins 2020 – 2021 til umsagnar 7. september 2020. Síðasta skólaár litaðist að miklu leyti af verkföllum í byrjun árs og síðar Covid sem mun áfram hafa áhrif á starfið í vetur. Ófyrirsjáanlegar aðstæður komu vissulega misjafnlega niður á börnum eftir því á hvaða deild þau voru. Í verkfalli þurfti að loka deildum sem fóru síðan hægt af stað í skugga Covid. Aðrar deildir sem gátu haldið starfseminni áfram gerðu það af mikilli fagmennsku í erfiðum aðstæðum. Nú hafa verið ráðnir fagmenntaðir deildarstjórar á allar deildir leikskólans sem er gleðilegt og þeim falin mörg ábyrgðarhlutverk í innra matinu.

Foreldraráð hefur ekki skynjað annað en ánægju með starf leikskólans og góða vinnu í annars mjög erfiðum aðstæðum sem ríktu síðasta vetur. Starfsáætlunin fær því jákvæða umsögn með von um að hægt verði að sinna þeim verkefnum í vetur sem ekki náðust á síðasta skólaári. Það er einnig von ráðsins að stytting vinnuvikunnar verði tekin til endurskoðunar þar sem greinileg sama sem merki eru um að afnám hennar hafi lækkað starfsánægju starfsmanna.

Með von um gott skólaár 2020-2021

Foreldraráð leikskólans skipa:

Manúela Magnúsdóttir
Haukur Logi Karlsson
Íris Katla Guðmundsdóttir
Linda Heiðarsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



